

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Kristján Kristjánsson, bifreiðaeigandi Akureyri, greiði stefnandanum, Sveini Brynjólfssyni bifreiðarstjóra, Akureyri, kr. 315.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. okt. 1938 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. apríl 1941.

Nr. 102/1940. **Stefán Thorarensen** (Lárus Fjeldsted)
gegn

Kristni P. Briem

(cand. jur. Einar Ásmundsson).

Krafa um riftingu á lausafjárkaupum og um bætur vegna galla á seldum hlut.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði dómur er upp kveðinn af Birni lögmanni Þórðarson.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. nóvember f. á., gerir hér fyrir dómi sömu kröfur og í héraði. Enn fremur krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar dómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þegar litið er á það, að refahirðir stefnda lýsti yfir því, að tæfan Gríma hafi gengið í marz 1938, þá verður ekki talin fram komin sönnun þess, að stefndi hafa haft ástæðu til að ætla tæfu þessa ófrjóa, þegar kaup aðilja gerðust, og verður málið því ekki dæmt áfrýjanda í vil á þeim grundvelli, að stefndi hafi vitandi eða gálauast leynt hann göllum á tæfunni. Áfrýjandi kveður, að refahirðir sinn hafi veitt því athygli, nokkru eftir að Gríma var komin í refabúið í Saltvik, að kynfæri hennar væru ekki í lagi, og að óvíst væri,

hvort hún gæti átt afkvæmi. Segist áfrýjandi hafa tilkynnt stefnda álit refahirðisins þá þegar, en gegn eindregnum mótmælum stefnda verður ekki talið í ljós leitt, að áfrýjandi hafi hreyft við hann athugasemdum vegna galla á tæfunni fyrir en í bréfi 22. maí 1939, að hann krafðist riftunar á kaupunum. Þessi viðvörðun áfrýjanda er of seint fram borin, og verður því samkvæmt 52. gr. laga nr. 39/1922 að taka kröfu stefnda um sýknu í málinu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Mál þetta var þingfest 7. september 1939, og lagði stefnandi, áfrýjandi hér fyrir dómi, þá fram greinargerð í málinu. Þann 19. október s. á., leggur stefndi fram greinargerð af sinni hendi. Hefði þá átt að ákveða, hvort málið skyldi flytja munnlega eða skriflega samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936 og veita aðiljum hæfilegan og sameiginlegan frest til gagnasöfnunar. Í stað þess fær stefnandi nú frest til 25. janúar 1940, og leggur þá fram framhaldsgreinargerð. Síðan fær stefndi frest til 22. febrúar s. á. og leggur þá fram framhaldsgreinargerð. Loks í þinghaldi 18. apríl s. á. er skriflegur flutningur málsins ákveðinn. Skiptast aðiljar síðan sóknarskjölum og varnar þann 9. maí, 27. júní og 5. september s. á., en 26. s. m. er málið loks tekið til dóms, eftir að bókuð höfðu verið mótmæli af hálfu stefnanda við síðustu vörn stefnda. Þessi málsmeðferð, sem mjög horfir máli til tafa, fer í bága við ákvæði 109. og 110. gr. laga nr. 85/1936, og verður að átelja bæði héraðsdómarann, Björn Þórðarson lögmann, og hæstaréttarmálflutningsmennina Lárus Fjeldsted og Eggert Claessen, sem ráðið hafa flutningi málsins fyrir hönd aðilja í héraði, fyrir hana, en eigi þykir þó að þessu sinni nægileg ástæða til að beita refsí-ákvæðum 3. málsg. 34. gr. og 2. málsg. sbr. 3. tölul. 1. málsg. 188. gr. laga nr. 85/1936.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. okt. 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., er skv. samkomulagi máls- aðilja höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 1. ágúst f. á. af Stefáni Thorarensen lyfsala, hér í bæ, gegn Kristni Briem kaupmanni, Sauðárkróki. Gerir stefnandi þær kröfur, að stefndur endurgreiði honum andvirði læðu, að upphæð kr. 500.00, ásamt 6% árs- vöxtum frá 1. des. 1938 til greiðsludags, gegn afhendingu læðunnar, að stefndur endurgreiði honum fyrir fóðurkostnað, hirðingu, lyf og búrleigu kr. 10.00 á mánuði, talið frá 1. des. 1938 og þar til hann tekur við tófunni, að stefndur greiði honum kr. 1500.00 í skaðabætur fyrir gróðatap, vegna þess að læðan reyndist tvíkynja og gat ekki átt hvolpa, og loks að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu. Þá hefur stefnandi í rekstri málsins bætt við þeirri kröfu, að honum verði fyrir 1940 tildæmdar kr. 1500.00 í skaðabætur fyrir að tæfan hafi ekki getað átt hvolpa.

Stefndur krefst algerðrar sýknu af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, að með kaupsamningi, dags. 27. ágúst 1938, seldi stefndur stefnanda 6 pör silfurrefa fyrir kr. 1200.00 parið og tvær fullorðnar silfurrefalæður, Evu 43 K, er hlotið hafði 1. verðlaun bæði hér á landi og í Noregi, fyrir kr. 600.00, og Grímu 9 L, alsilfur, fyrir kr. 500.00. Skyldu dýrin vera afhent í nóvember (að aflokinni refasýningu, ef haldin yrði) og greiddast við afhendingu á Sauðárkróki. Sending þaðan skyldi fara fram á ábyrgð kaupanda. Voru dýrin síðan afhent og greidd á tilsettum tíma.

Stefnandi heldur því fram, að þar sem stefndur hafi ekki fengið til að afhenda dýrin, fyrr en seint að kvöldi til í myrkri, hafi menn þeir, sem hann hafi sent til að sækja dýrin, ekki getað rannsakað þau þá. Hins vegar hafi þeir orðið að fara suður strax um kvöldið vegna slæms veðurútlits. Skoðun á dýrunum hafi því ekki getað farið fram, fyrr en þau voru komin til sinna nýju heimkynna að Saltvík á Kjalarnesi. En litlu eftir að dýrin hafi verið komin þangað, kveður stefnandi, að refahirðir hans hafi haft orð á því við sig, að kynfærin á Grímu 9 L væru öðruvísi en gerðist á kvendýrum, og að spenarnir væru svo litlir, að það liti ekki út fyrir, að dýrið hefði verið sögið. Hafi hann talið það mjög vafasamt, hvort slík tófa gæti átt afkvæmi. Stefnandi kveður sig hafa tilkynnt stefndum þetta álit refahirðisins, en stefndur þverttekið fyrir, að þetta gæti verið satt. Um veturinn hafi tófa þessi ekki viljað para sig og hafi hún þá verið innsprautuð með „hormonpreparati“, sem í flestum tilfellum framkalli vilja hjá kvendýrum til þörunar, en innsprautingin hafi engin áhrif haft á dýr þetta. Hafi hann því fengið tvo dýralækna til að athuga tófuna, og sýni vottorð þeirra, að tófa þessi sé tvíkynja og geti ekki átt afkvæmi, og hafi, að því er virðist, aldrei átt. Heldur stefnandi því fram, að tófa þessi hafi,

eins og verð hennar, kr. 500.00, bendi til, verið seld honum sem fyrsta flokks dýr til undaneldis, og hafi það verið tekið sérstaklega fram við sig, að tófan hefði tvisvar sinnum átt hvolpa. Stefnundur hafi með þessu vanefnt skyldu sína verulega, og hafi stefnandi því krafizt þess, að stefndur tæki við tófunni aftur, endurgreiddi stefnanda verð hennar, greiddi allan kostnað, er hann hefði haft af henni, og bætur fyrir ágóðamissi. En þar eð stefndur hefur verið ófáanlegur til þessa, sé mál þetta höfðað, og gerðar í því framangreindar kröfur.

Stefndur heldur því fram, að Gríma 9 L hafi átt hvolpa, á meðan hún var í eigu hans, og hafi hún hagað sér að öllu leyti eðlilega. Veturinn 1937—38 hafi hún að visu ekki átt hvolpa, en það stafi af því, að notaður hafi verið handa henni refur, sem hafi verið farinn að dofna. Stefnundur segir, að menn þeir, er sækja áttu Grímu, hafi komið 9. nóvember að áliðnum degi eða stuttu fyrir myrkur til Sauðárkróks. Hafi þá staðið yfir refasýning sú, er um ræði í kaupsamningnum. Þar sem myrkur hafi verið skollið yfir, er refasýningin var úti, hafi hann færzt undan að afhenda dýrin þá og viljað biða næsta dags. Það hafi sendimenn stefnanda alls ekki viljað. Hafi þá dýrin verið afhent um nóttina við rafljós og á ábyrgð kaupanda. Stefnundur telur ósannað, að Gríma sé tvíkynja eða ófrjó, enda sé það með öllu óþekkt innan silfurrefaræktar heimsins, að silfurrefalæða, sem átt hafi hvolpa, breytist síðar í tvíkynja afbrigði. Hitt komi oft fyrir, að ár falli úr, án þess að læður fái fang, þó að þær gangi, og sé það talið eðlilegt. Þá þverri og frjósemi silfurrefalæða með aldrinum. — Þá heldur stefndur því fram, að eins og samningurinn frá 27. ágúst 1938 beri með sér, hafi hann ekki tekið ábyrgð á læðunni sem undaneldisdýri, enda sé það eigi venja hér á landi, að seljandi taki á sig slíka ábyrgð í viðskiptum um silfurrefi. — Loks telur stefndur, að þó að svo yrði litið á, að Gríma væri ófrjó og tvíkynja og að hann bæri ábyrgð á þeim galla, þá séu allar kröfur á hendur honum niður fallnar, þar eð stefnandi hafi ekki tilkynnt honum um gallann nógu snemma. Mót-mælir stefndur því eindregið, að stefnandi hafi tilkynnt honum nokkuð um ástand Grímu um miðjan vetur 1938—39 og hafi hann ekki gert það fyrr en um vorið 1939.

Í málinu hafa verið lögð fram vottorð tveggja refahirða stefnds, þeirra Lars Oleivsgard og Páls Stefánssonar. Segir Oleivsgard í vottorði sínu, sem dags. er 12. sept. f. á. og staðf. 30. marz þ. á., að Gríma hafi árið 1935 átt 4 hvolpa. Hafi þeir allir lifað, og tveir þeirra verið síðar seldir burtu. Árið 1936 hafi Gríma fætt tvo hvolpa, en báðir drepizt, og því ekki komið til merkingar Loðdýraræktarfélags Íslands það ár, sem hafi verið fyrsta merkingarár félagsins. Ástæðan fyrir því, að hvolparnir hafi drepizt, hafi verið sú, að vont kjöt hafi verið notað til fóðurs um þetta leyti. Oleivs-

gard kveðst hafa verið sjónarvottur að því í bæði skiptin, þegar Gríma gaut. Um fengi- og gottimann hafi hún hagað sér alveg eins og aðrar silfurrefalæður búsins. Við staðfestingu vottorðs þessa bar Oleivsgard það, að hann hefði um fengitimann 1937 skoðað getnaðarfæri Grímu daglega og ekki orðið var við nein missmíði, en ekki 1938, þar eð hann hafi þá ekki verið starfsmaður hjá stefndum. — Páll Stefánsson segir í vottorði sínu, sem dagsett er 13. sept. f. á. og staðfest 30. marz þ. á., að hann muni greinilega, að Gríma 9 L hafi um vorið 1935 fætt nokkra hvolpa, fimm eftir því, sem hann minnir. — Eysteinn Bjarnason f. h. refabúsins á Reynistað í Skagafirði og Sigurður Guðmundsson á Syðra-Vatni í Lýtingsstaðahreppi hafa gefið vottorð og staðfest þau 30. marz þ. á., þess efnis, að silfurrefum, er þeir hafi keypt af stefndum, hafi fylgt ættarbókarvottorð, þar sem silfurrefirnir eru taldir vera komnir af Grímu 9 L. — Þá hefur Egill Helgason, sem var vetrarmaður og vann í refabúi stefnds veturinn 1937—1938, gefið vottorð, dagsett 23. nóv. f. á., en staðfest 30. marz þ. á. Í því segir hann: „Ég man það greinilega, að silfurrefalæðan Gríma 9 L gekk seint í marzmánuði, og var notaður handa henni refur, sem nefndur var Uggi. Samfarir dýranna voru stuttar, enda var búið að nota þennan ref mikið þá yfir fengitimann, og var hann farinn að dofna.“ Við staðfestingu vottorðs þessa bar Egill það, að hann viti ekki til, að kynfæri Grímu hafi á nokkurn hátt verið óeðlileg eða frábrugðin kynfærum annarra silfurrefalæða á búinu þann tíma, sem hann var starfsmaður við refabú stefnds.

Jakob Sterri, refahirðir hjá stefnanda, hefur gefið vottorð, dags. 15. nóv. f. á. og staðfest 14. marz þ. á., um það, að stuttu eftir að dýrin hafi komið til Saltvíkur, hafi hann skoðað þau og hafi hann þá strax tekið eftir því, að kynfærin á Grímu 9 L hafi verið öðruvisi en algengt sé á kvendýrum, og enn fremur, að brjóstvörtturnar væru einkennilega litlar.

Vitnisburður Jakobs Sterri hefur lítið sönnunargildi í máli þessu, þar eð hann, sem er í þjónustu stefnanda, hefur borið stefnanda í hag, enda er tími sá, er vitni þetta kveðst hafa orðið vart við galla á Grímu, næsta óákveðinn.

Þrír dýralæknar, þeir Bragi Steingrímsson, Ásgeir Einarsson og Jón Pálsson, sem skoðað hafa Grímu, telja, að hún sé ófrjó og óhæf til undaneldis. Ásgeir telur hana enn fremur vera tvikynja afbrigði. Jón telur afasamt, hvort hægt sé að kyngreina hana, og kveðst ekki geta dæmt um, hve nær hún hafi orðið ófrjó, en myndi telja líklegast, að hún hafi aldrei átt hvolpa. Bragi telur, að slíkar breytingar, sem orðið hafi á Grímu, séu lengi að myndast. Fjórði dýralæknirinn, Hannes Jónsson, sem ekki hefur skoðað Grímu, telur það mjög ósennilegt, að læða, sem eitt sinn hafi átt hvolpa, breytist síðar og verði tvikynja og þar af leiðandi ófrjó.

Vitnisburður dýralæknanna um ástand Grímu, þegar þeir skoðuðu hana, þykja ekki óyggjandi sönnun um ástand hennar þá, þar sem þeir athuguðu hana sitt í hvert skipti eftir beiðni stefnanda, og án þess að nokkur væri viðstaddur af hendi stefnds, enda ber dýralæknunum ekki í öllu saman. Þá skoðuðu dýralæknarnir ekki Grímu fyrr en löngu eftir afhendingu hennar til stefnanda 9. nóv. 1938 (fyrsta skoðun dýralæknis fór ekki fram fyrr en ca. 4 mánuðum eftir afhendinguna). Gegn eindregnum mótmælum stefnds þykir þá stefnandi ekki hafa sannað, að Gríma hafi verið ófrjó og óhæf til undaneldis eða á nokkurn hátt verið farin að verða óeðlileg og kynfæri hennar að byrja að breytast, þegar afhending hennar fór fram. Að visu hefur stefndur viðurkennt það, að Gríma hafi hvorki átt yrðlinga 1937 né 1938, en því er líka ómótmælt, að það komi mjög oft fyrir, að silfurrefatæfur fæði ekki yrðlinga ár og ár. Þá ber enn fremur að gæta þess, að stefnandi tilkynnti ekki stefndum, svo sannað sé, um galla á Grímu, fyrr en um vorið 1939, þó að hann haldi því fram, að hann hafi fengið vitneskju um þá þegar stuttu eftir afhendingu hennar.

Að þessu athuguðu þykir verða að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Kristinn Briem, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Stefáns Thorarensen, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 23. apríl 1941.

Nr. 28/1941. **Réttvísinn** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Sigurði Benediktssyni (Pétur Magnússon).

Ákæra fyrir hvatning til glæps og tilboð um gjald fyrir framkvæmd hans.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í héraðsdóminum, ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á rikissjóð, þar á meðal málflutn-